



Jöklarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 9

Ágúst 1985

FERÐIR SUMARIÐ 1985

1. Þórisdalur - Geitlandsjökull,
laugardaginn 24. ágúst til sunnudags
25. ágúst. Lagt af stað kl. 0800 frá
Nesti Ártúnshöfða.
2. Jökulheimar, föstudaginn 20. september
til sunnudags 22. september. Lagt af
stað kl. 2000 frá Guðmundi Jónassyni
H.F, Borgartúni.

Þátttaka tilkynnist til Péturs Þorleifssonar
í síma 666517 og veitir hann nánari
upplýsingar.

ÞÓRISDALUR - GEITLANDSJÖKULL.

Farið verður í Þórisdal og gengið á Geitlandsjökul helgina 24. ágúst til 25. ágúst. Farið verður á eigin bílum og gíst í tjöldum við Prestahnjúk. Lagt verður af stað frá Nesti við Ártúnshöfða kl. 0800 á laugardagsmorgni. Þeir sem ekki eru á bílum þurfa ekki að sitja heima, því alltaf eru einhver sæti til staðar.

VORFERÐ JÖRFI

Vorferð Jökларannsóknafélagsins var farin 8.-16. júní s.l. Veður var einstaklega gott og árangur mikill. Settar voru upp stíkur til mælinga á leysingu á Tungnárjökli fyrir Landsvirkjun. Endurbætur voru gerðar á rafstöðinni á Grímsfjalli í þeim tilgangi að hindra gangtruflanir vegna þess að þéttivatn fraus í leiðslum. Hitaveita var sett upp í skálanum og fæst reynsla af henni í vetur. Takist sú tilraun helst skálinn væntanlega þurr. Vatnsborð í Grímsvötnum var komið í 1407 m.y.s. og vantar enn 20-30 m á að þeirri hæð, sem hljóp við á árunum 1954-1976, áður en eldsumbrot og aukinn jarðhiti trufluðu reglubundna hegðun vatnanna. Ársúrkomu var um 3.9 m af snjó. Tekin voru sýni af snjó til ýmissa greininga og af vatni úr vökinni við gosstöðvarnar undir vestari Svíahnúk. Mælt var með íssjá alla leið til Örafajökuls og gígskálin könnuð. Mesta dýpi er um 500 m. Frá rannsóknarnefnd-HB.

FRÁ ÍSLENSKA VATNAFRÆÐIFÉLAGINU.

Fjórtánda norræna vatnafræðiráðstefnan (Nordic Hydrologisk Konference 86) verður haldin að þessu sinni í Reykjavík dagana 11. - 13. ágúst 1986. Fyrir ráðstefnunni stendur Norræna vatnafræðifélagið en umjón hennar hafa með hendi Íslenska vatnafræðifélagið, Háskóli Íslands, Landsvirkjun, Orkustofnun og Veðurstofa Íslands. Yfirskrift ráðstefnunnar er VATNAFRÆÐIN OG BEISLUN VATNSINS og er aðaltilgangur hennar að efla tengslin milli fræðilegrar og hagnýtrar vatnafræði. Efnispættir sem fjallað verður sérstaklega um eru þessir:

A. Straumar og samþætting í norrænni vatnafræði

B. Vatnafræðin í verki (vatnafræðigögn og líkanasmíð, geymisverkfræði, aurburður og flutningur uppleystra efna í tengslum við borgavatnafræði og umhverfissjónamið).

Ennfremur verða skipulögð málþing um valin efni skv. óskum ráðstefnugesta.

Ráðstefnutungumál eru danska, norska, sænska eða enska. Þó skulu vera ágríp á ensku með öllum erindum. Tilkynning um þátttöku (án skuldbindingar) skulu berast

undirbúningsnefnd fyrir 1. september 1985 og á sama tíma ber að skila ágrípi (allt að 200 orð), ef um erindi er að ræða. Erindum í

endanlegu formi ber að skila fyrir 1. apríl 1986 og greiða skal ráðstefnugjald fyrir 1.

maí 1986. Þá eru jafnframt síðustu forvöð að skrá sig til þátttöku. Fundarhöld verða í

húsakynnum Háskólans. Aðsetur

undirbúningsnefndar er: Orkustofnun,
Kristinn Einarsson, Grensásvegi 9, 108

Reykjavík.

ALÞJÓÐLEG RÁÐSTEFNA JÖKLAMANNA 26.-29. ÁGÚST 1985

Dagana 26.-29. ágúst verður haldin í Hátíðarsal Háskóla Íslands alþjóðleg ráðstefna um jökla­mælingar og kortagerð. Ráðstefnuna munu sækja um hundrað erlendir fræðimenn of flutt verða um 40 erindi og 20 verkefni kynnt með veggspjöldum. Samtímis verður opnuð sýning í andyri Norrænahússins á ritum, kortum og ljósmyndum úr sögu jöklarannsóknna á Íslandi. Að lokinni ráðstefnunni verður farin þriggja daga ferð um suðurland. Frá rannsóknanefnd-HB.

JÖKULL

Jökull, 35. árg. er nú að fara í prentun, alls um 160 bls. að þessu sinni. Um 20 greinar eru í heftinu, þar af 8 á ensku, en með ágripi á íslensku. Af efni á íslensku má nefna frásagnir af leiðöngrum til Grímsvatna 1934, til Esjufjalla 1977, í Kverkfjöll, Goðheima og á Langjökul, eldgosid á Jan Mayen, endaslepp hraun undir Eyjafjöllum, jöklabreytingar og jökulhlaup. Auk þess eru minningagreinar um Trausta Einarsson prófessor. Á ensku eru greinar um mælingar á magni gosgufu í fornum eldgosum, jarðfræði á Hornströndum, landmótun á Fljótsdalshéraði, jarðhita í Borgarfirði, landmælingar við Gljúfurárjökul, aldursgreiningu setlaga við Sólheimajökul. Frá ritstjórum.